














Rekstraraðili innkaupa

Ríkiskaup
Lilja Ástudóttir

Innkaup

Multidisciplinary teams for digital Iceland
21316
Birt 15.6.2021 09:30
Lokatilboðsdagur: 19.7.2021 12:00

Skýringar

-  Textinn er innifalinn í auglýsingunni
-  Textinn er innifalinn í sérgreiningunni
-  Textinn verður hluti samningsins
-  Textinn verður birtur í efnisskrá samningsins
-  Textinn/spurningin inniheldur kröfurnar sem þarf að uppfylla
-  **ESPD** Textinn/spurning inniheldur ESPD kröfur
-  Spurningin er vegin og tekin með í matið
-  Spurningin er vegin og tekin með í matið
-  Spurningin er lögð fram í upplýsingaskyni eingöngu
-  Þessari spurningu svarar kaupandinn
-  Spurningin er merkt fyrir sérstaka eftirfylgni

1. 21316 Þverfagleg teymi fyrir Stafrænt Ísland

1.1 Almennar upplýsingar um útboð

Stafrænt Ísland, fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins, óskar eftir tilboðum í þátttöku verksala í þverfaglegum teymum fyrir eflingu stafrænnar þjónustu. Um er að ræða rammasamning þar sem teymum frá þeim bjóðendum sem valdir eru til þátttöku er raðað í einkunnaröð. Innkaup innan samnings eru annarsvegar með beinum innkaupum og hinsvegar með örútböðum þegar ákveðin skilyrði eiga við sbr. kafla 1.4 um innkaup innan samnings. Teymin munu vinna í samvinnu við verkkaupa að verkefnum fyrir Stafrænt Ísland, island.is og verkefnum þeim tengdum.

Hinir endanlegu verkkaupar verða fjármála- og efnahagsráðuneytið sem og ríkisstofnanir sem falla undir A hluta ríkissjóðs skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 og ráðuneyti sem þær heyra undir og sveitarfélög. Greiðendur á einstökum verkefnum geta því verið stofnanir, ráðuneyti eða sveitarfélög sem hlut eiga að máli. Innkaup innan rammasamnings, sem af þessu útboði leiðir, er valkvætt fyrir aðila innan hans og því ekki bindandi.

Unnið hefur verið að þróun Ísland.is og tengdra verkefna frá ársbyrjun 2020. Þróunarleiðbeiningar, tæknistefna, hönnunarkerfi og þróunarkeðja hafa verið innleidd af Stafrænu Íslandi í samvinnu við birgja og skal allur hugbúnaður útfærður í samræmi við fyrrgreinda vinnu og stefnu Stafræns Íslands. Tæknistefna getur tekið breytingum á samningstíma og skuldbinda verksalar sig til að vinna eftir kröfum Stafræns Íslands hverju sinni.

Lögð er áhersla á að byggja nýjar lausnir í opnu umhverfi þar sem auðveldara er að skipta út og aðlaga tækni til framtíðar. Þróunarleiðbeiningar, tæknistefnu og hönnunarkerfi má finna [hérna](https://island.is/stofnanir/stafraent-island/throun) (<https://island.is/stofnanir/stafraent-island/throun>).

Þær afurðir sem verkefni leiða af sér eru eign verkkaupa og er honum heimilt að endurnýta þær að hluta eða í heild sinni í öðrum verkefnum. Hugbúnaður sem til verður á grunni þessara verkefna telst opinn og frjálss sbr. skilgreiningu þess hugtaks á [vef](https://www.stjornarradid.is/verkefni/upplýsingasamfelagid/stafraent-frelsi/opinn-hugbunadur/) Stjórnarráðs Íslands (<https://www.stjornarradid.is/verkefni/upplýsingasamfelagid/stafraent-frelsi/opinn-hugbunadur/>).

Teymum verður ráðað í einkunnaröð út frá heildareinkunn sem þau hljóta í útboði þessu.

Áhersla er lögð á að teymi geti leyst flókin ferli frá upplifun notandans og skilað niðurstöðum í bakendakerfi viðkomandi þjónustuaðila / stofnunar.

Gæðamat teyma má sjá viðauka VII.

Tværgerðir grunnteyma:

Um er að ræða tværgerðir af teyimum, sjálfsafgreiðsluteymi og innviðateymi.

Sjálfsafgreiðsluteymi - áhersla á ferla og notendamiðaða hönnun (6 teymismeðlimir metnir í útboði).

Teymi skal hafa góða þekkingu á notendamiðaðri hönnun, notendaupplifun og notendaviðmóti. Áhersla er lögð á hönnun og forritun ferla ásamt viðmótshönnun og forritun á einföldum og flóknari vefverkefnum.

Teymi skal innihalda að lágmarki 6 teymismeðlimi: hönnuð, framendaforritara, bakendaforritar, 2 alhliða forritara (full stack) og skila- og prófunarstjóra. Þjóðendum er frjálst að bjóða allt að 10 teymismeðlimi, eða 4 auka teymismeðlimi með fagþekkingu sem nýtist í sjálfsafgreiðsluteymi.

Sjá nánari lýsingu á hæfniskröfum teymismeðlima í kafla 1.8.12

Innviðateymi - áhersla þróun innviða island.is og stuðningi við stofnanir tengt þeim (3 teymismeðlimir metnir í útboði).

Hlutverk teymisins er að greina, ráðgefa og þróa kjarnaþjónustur, gagnainnviði og tækniinnviði stofnana sem nauðsynleg eru fyrir island.is.

Það er gert með ný- og áframhaldandi þróun kjarnaþjónusta island.is, s.s. umsóknarkerfis, greiningu gagna, hönnunar gagnagrunna, ráðgjöf um tækniinnviði stofnana og gerð vefþjónusta (API's) sem notaðar verða fyrir island.is í gegnum Strauminn (X-Road).

Teymið hefur því djúpa þekkingu á bakendaforritun, vefþjónustum (REST), gögnum og gagnagrunnum ásamt reynslu af kerfishönnun.

Reynsla af framendaforritun er kostur.

Sjá nánari lýsingu á hæfniskröfum teymismeðlima í kafla 1.8.13

Frekari upplýsingar og skýringar er að finna í útboðsgögnum þessum og þeim köflum sem á eftir fara.

1.1.1 Samningi skipt í hluta

Um er að ræða rammasamning sem leiðir af sér að samið verður við fleiri en einn þjónustuveitanda.

1.1.2 Útboðsgögn

Útboðsgögn þessi eru unnin af Ríkiskaupum og kaupanda. Öll fylgiskjöl og viðaukar sem vísað er til í þessum útboðsgögnum eru hluti útboðsgagna og með tilboði sínu samþykkir bjóðandi alla útboðs- og samningsskilmála.

1.1.3 Afhending tilboða

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu <https://tendsign.is/>.

Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem lýst er í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs. **Bjóðandi fær sendan staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði.** Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Mercell þjónustuaðila TendSign án tafar. Hægt er að ná í Mercell þjónustuaðila TendSign í síma 0771440200 (sænskt símanúmer) og í tölvupóst tendsignsupport@mercell.com. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist innan tilskilins frests og eru því hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila inn tilboðum.

Bjóðanda er bent sérstaklega á að gæta að eldveggjum og öðru sem gæti hindrað að tilboð berist í tæka tíð. Álag sem getur verið á rafræna kerfinu firrir bjóðanda ekki ábyrgð á að rafrænum skilum sé fullnægt innan frests.

1.1.4 Útboðsyfirlit

Umsjónaraðili útboðs hefur skipulagt eftirfarandi tímasetningar fyrir útboðsferlið (dagsetningar geta breyst).

Bjóðendur athugi að enginn formlegur opnunarfundur er haldinn vegna þessa útboðs þar sem öll samskipti og skil tilboða fara fram með rafrænum hætti.

Kynningarfundur	Rafrænn 22.6.2021 kl 9:30
Lokadagsetning fyrirspurna og athugasemda frá	9.7.2021

Þjóðendum.	
Svarfrestur fyrirspurna	6 dögum áður en tilboðsfresti lýkur
Tilboðsfrestur	19.7.2021 12:00
Opnun tilboða	19.7.2021 13:00
Samningstími	2 ár með möguleika á 2 sinnum árs framlengingu
Gildistími tilboðs / frestur til að taka tilboði	31.12.2021
Upphaf samnings áætlað	September 2021

1.1.5 Kynningarfundur

Kynningarfundur verður haldinn, þriðjudaginn 22. júní kl. 9:30. Senda skal þátttökutilkynningu til Ríkiskaupa á hafdisv@rikiskaup.is merkt : 21316 - Þverfaglegt teymi fyrir Stafrænt Ísland, fyrir kl. 12:00 mánudaginn 21. júní 2021.

1.1.6 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku eða ensku.

1.2 Umfang viðskipta

Áætlað er að umfang vinnu við fyrirhuguð verkefni sem falla munu undir rammasamning þennan geti verið í heild sinni um 150.000 – 200.000 tímar til næstu tveggja ára. Er það þó aðeins áætlun miðað við stöðuna í dag og endurspeglar ekki endilega nýtingu samnings og er alls ekki loforð um nýtingu samnings þar um eða takmörkun á nýtingu hans. Gert er ráð fyrir að samningar sem gerðir verða á grunni rammasamningsins séu til tveggja ára með möguleika á árs framlengingu í allt að tvö skipti. Umfang verkefna er háð því að verkefnið hljóti fjármögnun öll árin sem rammasamningur mun ná til. Þannig kann umfang vinnu að minnka eða vaxa á samningstímanum. Verkaupar geta ekki staðfest ofangreint mat á þessari stundu. Hér er um að ræða óskuldbindandi rammasamning skv. heimild í 4. mgr. 40. gr. OIL sbr. lokamálsgrein 61. gr. aðfararorða tilskipunar 2014/24 um opinber innkaup. Í því felst að með aðild að rammasamningi eru verkefni ekki tryggð fyrir en samningur hefur verið gerður á grundvelli rammasamnings.

Samið verður við allt að 10 teymi af hvorri gerð. Þjóðendur geta boðið fram báðar tegundir af teyimum en einungis eitt teymi af hvorri gerð (gert er ráð fyrir skalanleika innan boðinna teyma). Leyfilegt er að bjóða allt að 10 sérfræðinga innan sjálfsafgreiðsluteymis og 5 innan innviðateymis.

Samið verður við að hámarki tvö teymi frá hverjum aðila (fyrirtæki eða samsteypur). Verksala er ekki heimilt að bjóða fleiri en eitt teymi af hverri gerð. Athugið að hver teymismeðlimur getur eingöngu verið í einu boðnu teymi. Teymunum er raðað í inn í einkunnaröð, innan tegundar teyma.

Þegar að því kemur að fá og velja aðila til að vinna að tilgreindum verkefnum innan rammisamningsins verður það gert á tvo vegu:

1. Annars vegar með verður það/þau lausu teymi sem eru með hæstu heildareinkunn valin í verkefni. Dæmi: Um er að ræða verkefni þar sem þörf er á þróunarteymi. Teymi A hlaut heildareinkunn 8.5 en er þegar að vinna að verkefni. Teymi B hlaut heildareinkunn 8.0 og Teymi C hlaut heildareinkunn 7.5. Hér yrði Teymi B fyrir valinu, þar sem Teymi A er þegar upptekið í verkefni og Teymi B er þá með hæstu einkunn af lausum teymum.
2. Hins vegar verða teymi valin með örútbodum. Val með örútbóði fer fram þegar ákveðin skilyrði eru til staðar, sjá nánar lýsingu í grein um örútbóð, síðar í útbóðsgögnum þessum.

Það má vera ljóst að teymi sem er neðst í einkunnagjöf geta komið seint að verkefnum ef þau fá þá verkefni á annað borð.

Í örútbodum verða valin teymi eins og lýst er í kafla 1.4.

1.3 Útfærsla útbóðs

Til að geta tekið þátt í útbóði þessu, skulu bjóðendur uppfylla tilgreindar hæfiskröfur (sjá grein 1.6).

Ekki verða valin fleiri teymi en eitt af hvorri gerð frá einum bjóðanda.

Þau teymi sem uppfylla hæfiskröfur þessa útbóðs kynna, fyrir teymi frá verkkaupa, vinnuaðferðir teymisins og leysa verkefni sem lagt verður til innan fyrirfram ákveðins tíma. Öll teymi fá jafnlangan tíma til að skoða það verkefni sem lagt verður til. Teymi verkkaupa mun gefa einkunnir fyrir lausn notkunardæmanna og kynningar. Sjá nánar í kafla 1.7.3.

Á grundvelli vallíkans verða allt að 20 teymi valin (samkvæmt vallíkani útbóðsgagna þessara) til að taka þátt í verkefnum.

Hver bjóðandi (fyrirtæki eða samsteypa) fær greiddar 150.000 krónur fyrir þátttöku sína í kynningu og nothæfismati, óháð fjölda teyma sem fyrirtækið býður.

Þegar búið er að fara yfir hæfi þátttakenda eru sendar leiðbeiningar um kynningu og notkunardæmi á þá sem standast hæfi útbóðsins, þátttakendur verða upplýstir um hæfi/óhæfi. Þeir sem metnir eru hæfir fá senda til sín greinagóða lýsingu á því hvað þeir þurfa að vinna og skila inn, svo hægt sé að klára mat á tilboði þeirra. Er öllum þátttakendum gefinn jafnlangur tími til undirbúnings og hafa allir jafnlangan tíma til að vinna notkunardæmin og kynningarnar, 48 tíma.

Með tímalínur er lagt upp með að þátttakendur skili inn tilboðum skv. tímalínu í kafla 1.1.4, notkunardæmi og kynningar verða svo afhent strax eftir sumarfrí, í fyrsta lagi eftir fyrstu vikuna í ágúst. Í framhaldi af skilum verður öllum boðið uppá að hitta valnefnd og kynna sín teymi og vinnu við úrlausn notendadæma, þá eins og áður er öllum gefinn jafnlangur tími.

Öllum gögnum skal skilað í gegnum útbóðskefið, Tendsign.

1.4 Innkaup innan samnings - fyrirkomulag við val á teymum

Val á teymum á grundvelli heildareinkunnar

Þegar kemur að vali á teymi/teymum í tilgreind verkefni er það gert á grundvelli hæstu heildareinkunnar sem boðin teymi hafa áunnið sér. Við undirritun rammisamnings þá er heildareinkunn hvers teymis sú einkunn sem teymi bjóðenda hafa hlotið í útboði þessu. Um er að ræða lista með tveimur einkunnagerðum. Sjálfsafgreiðsluteymi fá einkunn og Innviðateymi fá einkunn.

Þegar kemur að fyrsta verkefninu, þá er það teymi valið sem hefur hæstu heildareinkunn eftir útboð þetta. Gerður er samningur um verkið þar sem fram kemur verktímabil, viðmiðunarfjöldi tíma o.fl. Teymið vinnur að verkefninu eins og þar er skilgreint og samkvæmt verkáætlun sem unnin verður í samráði við verksala. Við verklok mun verkkaupi fylla út sérstakt matsblað/skilamat (viðauki II), þar sem verkið er gert upp. Gæði hins afhenta verks eru metin á ákveðinn máta, aðferðafræði verksala er metin, frammistaða þátttakenda í teymi/teymum er metin o.s.frv. Þannig er heildareinkunn teymisins endurmetin í lok hvers verks. Sama teymi getur fengið næsta verkefni sé það laust og ennþá með hæstu heildareinkunn að loknu skilamati. Þegar næst kemur að vali á teymi þá er einfaldlega það teymi sem þá er með bestu einkunn valið.

Nákvæm lýsing á endurútreikningi heildareinkunnar teyma, er að finna í kafla 1.8.5. og er jafnframt lagt fram sýnishorn af matsblaði verkefna sem endurútreikningur byggir á (sjá viðauka II & VIII).

Val á teymum með örútbodum

Verkkaupi velur í teymi með örútbóði þegar ein eða fleiri neðangreindar skilgreiningar eiga við verkefnið:

1. Metið verkefni er talið stærra en 5.000 klst.
2. Gerð er sú krafa að teymi séu sköluð upp (m.ö.o. stækkuð), séu stærri en viðmiðunarmörk sem skilgreind eru í grein 1.1
3. Þörf er á fleiri en einu teymi við vinnu að verkefninu
4. Fleiri en einn verkkaupi þarf að koma að verkefninu

Teymi sem valin eru á grundvelli heildareinkunnar og/eða örútbóða munu eiga náð samstarf við önnur teymi sem verkkaupi mun mynda til að koma að heildstæðri útfærslu á verkefnum af þessum toga.

Þegar að örútbóði kemur, verður útfærð sérstök lýsing á því verkefni sem um er að ræða og óskað eftir tilboðum í tilgreint tímamagn teymis/teyma sem vinna munu að lausn og útfærslu verkefnisins. Val á bjóðendum til þátttöku í kjölfar örútbóðs, byggir á vallíkani örútbóða (sjá grein 1.8.2), en þar er útfærð sérstök einkunn bjóðenda sem byggir á kostnaði annars vegar og lausn bjóðenda á tilgreindum notkunardæmum (use cases) og/eða kynningum, hins vegar.

1.5 Almennir útbodsskilmálar

1.5.1 Lög og reglugerðir

Um útbod þetta gilda ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, reglur og reglugerðir á grundvelli laganna. Stangist texti útbodsgagna á við lög, vikur textinn. Lög um opinber innkaup má nálgast á heimasíðu Alþingis á slóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

Um samning í kjölfar innkaupaferlis gilda íslensk lög.

1.5.2 Samskipti á tilboðstíma

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útbodsgögnum, verður var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsinnihald og tilboðsfjárhæðina eða hefur athugasemdir við gögnin skal hann senda Ríkiskaupum skriflega fyrirspurn eða athugasemd í útbodskerfinu eins snemma á tilboðstímanum og tök eru á og eigi síðar en á þeim degi sem gefinn er upp í kafla um mikilvægar dagsetningar. Svör við fyrirspurnum verða birt í útbodskerfinu og eru aðgengilegöllum bjóðendum. Það fyrirkomulag er til að tryggja gagnsæi og jefnræði þannig að allir bjóðendur fái sömu upplýsingar á sama tíma.

Öll samskipti við bjóðendur á útbodstíma varðandi þetta útbod eru í höndum Ríkiskaupa. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.

1.5.3 Afhending tilboða



Tilboði skal skila rafrænt í útbodskerfinu <https://tendsign.is/>.

Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem lýst er í útbodskerfinu og í samræmi við skilmála útbods. **Bjóðandi fær sendan staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði.** Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leira til Visma þjónustuaðila TendSign án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist innan tilskilins frests og eru því hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila inn tilboðum.

Bjóðanda er bent sérstaklega á að gæta að eldveggjum og öðru sem gæti hindrað að tilboð berist í tæka tíð. Álag sem getur verið á rafræna kerfinu firrir bjóðanda ekki ábyrgð á að rafrænum skilum sé fullnægt innan frests.

Bjóðandi staðfestir að hafa lesið og kynnt sér útbodslýsingu þessa og samþykkir með tilboði sínu alla skilmála útbodsins.

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...



1.5.4 Framsetning tilboðs

Tilboð telst vera skuldbindandi þegar því hefur verið skilað í útbodskerfinu. Tilboð skal vera undirritað og dagsett af aðila innan fyrirtækisins sem hefur skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins

heimild til að skuldbinda það. Ef ósamræmi eða reiknivillur eru í tilboði, er Ríkiskaupum heimilt að miða við það einingarverð sem fram kemur á tilboðsblöðum ef villa er augljós og leiðrétting raskar ekki jafnræði bjóðenda.

Athygli er vakin á að rafræn heiti skjala mega ekki innihalda sértákn, svo sem % & ? o.s.frv.

Hvert skjal má ekki vera stærra en 50mb.

Athygli skal vakin á að skjöl sem varða óundanþægar "SKAL" kröfur skulu ekki vera lagðar fram með tilboði á .xml formi.

1.5.5 Framlenging á gildistíma tilboða

Þegar kaupanda er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan tilboðsfrests er heimilt að óska eftir því að bjóðendur framlengi tilboð sín. Framlenging skal aðeins vara í skamman tíma. Heimilt er að óska eftir því, eftir að tilboðsfrestur hefur runnið út, að bjóðendur lýsi því yfir að tilboð þeirra haldi gildi sínu, þó aðeins í mjög skamman tíma, sbr. 4. mgr. 86. gr. OIL.

1.5.6 Fylgigögn með tilboði

Í útboðsgögnum þessum er tilgreint hvaða gögn og upplýsingar bjóðendur skulu skila inn með tilboði sínu og skal umbeðnum gögnum og upplýsingum skilað í samræmi við þau fyrirmæli.

1.5.7 Afturköllun tilboða

Á tilboðstíma getur bjóðandi hvenær sem er dregið tilboð sitt til baka, breytt tilboði sínu og skilað aftur.

Kerfið staðfestir með tölvupósti þegar tilboði hefur verið skilað.

Hafi tilboð ekki verið afturkallað telst það vera skuldbindandi.

1.5.8 Opnun tilboða

Þar sem um er að ræða rafrænt útboð verður ekki haldinn eiginlegur opnunarfundur þar sem bjóðendur geta verið viðstaddir.

Eftir að tilboð eru opnuð er birt opunarskýrsla á vef Ríkiskaupa.

Upplýsingar sem koma fram í opunarskýrslu eru að lágmarki eftirfarandi eftir því sem við á sbr. 65. gr. OIL:

- a. Nafn bjóðanda
- b. Heildartilboðsupphæð

Ekki er tekið við tilboðum eftir að tilboðsfresti líkur, hvort sem er með rafrænum hætti eða bréflaga.

Bjóðendur eru því hvattir til að skila tilboðum tímanlega og skila inn tilboðum áður en tilboðsfrestur rennur út. Hvorki kaupandi, Ríkiskaup eða aðrir bjóðendur geta séð tilboð bjóðenda inni í Tendsign fyrr en tilboðsfrestur rennur út.

Framsetning opunarfundargerðar skv. 65. gr. OIL er með fyrirvara um að ekki hefur verið tekin afstaða til gildis tilboða og mat á þeim á eftir að fara fram.

Ríkiskaup áskilja sér rétt til að bíða með að gefa upp verð bjóðenda uns teymi hafa fengið einkunn fyrir notkunardæmi og kynningar. Einkunn allra bjóðenda verður gefin upp þegar niðurstaða liggur fyrir, eftir að notkunardæmi og kynningar hafa farið fram og niðurstaða þeirra liggur fyrir. Hafi bjóðendur athugasemdir við þetta fyrirkomulag eru þeir beðnir að koma með athugasemdir í fyrirspurnum á tilboðstíma.

1.5.9 Frávísun tilboða

Ríkiskaup áskilja sér rétt til að vísa frá óskýrum tilboðum sem innihalda ekki þær upplýsingar sem krafist er í útboðsgögnum.

1.5.10 Tilkynning um val tilboðs og biðtími

Óheimilt er að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum lögumætum biðtíma, sbr. 86. gr. OIL frá deginum eftir að tilkynning skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. telst birt.

Tilboð verður samþykkt endanlega með skriflegum hætti innan gildistíma þess sbr. skilmála útboðs og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Verði tilboði tekið er kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda. Í kjölfarið verður samningur undirritaður.

1.5.11 Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs

Ríkiskaup/kaupandi munu samþykkja hagstæðasta/ustu gilda/u tilboð samkvæmt valforsendum útboðsskilmála.

Þar til búið er að gera endanlegan samning er kaupanda heimilt að hætta við útboðið á grundvelli málefnalegra ástæðna. Ástæður geta t.d. verið að engin gild tilboð bárust, tilboð eru óaðgengileg vegna þess að þau eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum kaupanda.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna tilboðum sem reynast óaðgengileg, en áskilur sér þó rétt til að taka tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun að því gefnu að honum takist að útvega fjármagn sem upp á vantar.

1.5.12 Undirverktaka

Seljandi skal upplýsa kaupanda í tilboði hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis kaupanda áður en undirverktaki hefur störf. Seljandi ber fulla ábyrgð á því að undirverktaki skili verkefni í samræmi við útboðsskilmála. Verði breytingar á vali á undirverktaka á samningstíma


gildir það sama.

Komi tilboð til álita er kaupanda heimilt að krefjast þess að bjóðandi leggi einnig fram hæfisyfirlýsingu skv. 73. gr. OIL fyrir undirverktaka og síðar ef breyting verður varðandi undirverktaka á samningstíma.

Ef útilokunarástæður skv. 68. gr. OIL eiga við um undirverktaka er seljanda skylt að útvega nýjan undirverktaka í hans stað. Sama á við ef undirverktaki uppfyllir ekki kröfur um tæknilegt hæfi varðandi þann samningsþátt sem honum er falinn.

Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi og skal bjóðandi skila yfirlýsingu/staðfestingu viðkomandi undirverktaka þar um, komi tilboðið til álita.

**Ætlar bjóðandi að fela þriðja aðila framkvæmd hluta samnings?
Hér ber að upplýsa ef svo er og greina frá hvaða hluti samnings
og hvaða verkefni felast í þeim hluta.**

Hæfisskilyrði - Þverfagle... 


Já/Nei

 Athugasemdir birgja leyfðar

1.5.13 Umboð

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn sérstöku formi þar að lútandi


a. Er tilboð lagt fram í umboði annars aðila

Hæfisskilyrði - Þverfagle... 

Já/Nei

 Athugasemdir birgja leyfðar

b. Hér skal sila inn umboði ef við á

Hæfisskilyrði - Þverfagle... 

Viðhengi

1.5.14 Almennir fyrirvarar

Útboðs- og samningsgögn þessi gilda varðandi kaupin og upplýsingar sem kaupandi hefur veitt varðandi fyrirhugaðan samning, áður en útboð var auglýst, hafa enga þýðingu. Seljendur geta ekki byggt rétt á þeim gagnvart kaupanda.

Sé ekki gert ráð fyrir formlegri undirritun samnings, telst bindandi samningur kominn á eftir að kaupandi hefur sent út tilkynningu um samþykki/töku tilboðs.

Kaupandi getur hætt við kaup uns bindandi samningur hefur verið gerður. Ástæður geta m.a. verið að þarfir kaupanda hafa breyst, ný tækni kallar á aðrar lausnir en útboðsgögn gera ráð fyrir eða ófyrirsjáanleg útgjöld kaupanda gera honum ókleift að framkvæma kaupin.

Komi í ljós skömmu fyrir lok tilboðsfrests, að gera þarf stórvægilegar breytingar á útboðsgögnum sem ekki rúmast innan marka 4. mgr. 57. gr. OIL, áskilur kaupandi sér rétt til að hætta við útboð bótaust og auglýsa útboðið að nýju.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá bjóðanda sem hefur gerst sekur um mútur, ólöglegt samráð eða brot gegn samkeppnislögum. Komi í ljós að seljandi hefur hlotið samning vegna slíkra brota, áskilur kaupandi sér rétt til skaðabóta og bendir auk þess á ákvæði samkeppnislaga og hegningarlaga varðandi sektir og önnur viðurlög fyrir slík brot.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá bjóðanda þegar verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa verið á framkvæmd fyrirtækis hans á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningum sem hafa leitt til riftunar á samningi, kröfu um skaðabætur eða annarra svipaðra viðurlaga.

Komi í ljós að seljandi hefur boðið of lágt og getur ekki framkvæmt samning fyrir tilboðsfjárhæð og kaupandi þarf að leggja fram meira fé vegna samningsins, mun fara fram rannsókn á því hver ber ábyrgðina og hverju það sætti. Komi í ljós að um brot á lögum er að ræða verður viðeigandi yfirvöldum gert viðvart.

1.5.15 Fyrirvari um óvirkni samnings og bótaskyldu kaupanda

Kærunefnd útboðsmála getur, ef skilyrði óvirkni eru fyrir hendi, lýst samning óvirkan samkvæmt ákvæðum 115. gr. OIL en þó aðeins samning sem er yfir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu sbr. 4. mgr. 23. gr. Úrskurður um óvirkni samnings hefur þau áhrif að réttindi og skyldur samkvæmt aðalefni samnings falla niður. Óvirkni samnings skal takmörkuð við þær greiðslur sem enn hafa ekki farið fram. Að því er varðar greiðslur sem þegar hafa farið fram kveður kærunefnd á um önnur viðurlög skv. 118. gr. OIL. Sjá nánar 115. gr. OIL. Kaupandi vekur athygli á þessu og setur fram þann fyrirvara að kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum bótakröfum þegar hann í góðri trú gerir samning sem síðar er gerður óvirkur. Sama á við um Ríkiskaup, aðstoði þau við innkaup.

Kaupendur munu aðeins greiða bætur skv. 1. mgr. 119. gr. OIL að því gefnu að kærunefnd útboðsmála láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu. Bætur greiðast annaðhvort skv. samkomulagi eða dómi ef ekki næst samkomulag um bótafjárhæð. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði. Undanskilin er ábyrgð á greiðslu óbeins tjóns skv. 2. mgr. 119. gr. OIL. Takmörkun bótaábyrgðar á við um alla samninga sem gerðir verða á grundvelli rammasamnings þessa. Með því að taka þátt í útboði þessu samþykkir bjóðandi takmörkun bótaábyrgðar kaupenda.

1.5.16 Persónuvernd

Fyllsta öryggis verður gætt við meðhöndlun gagna frá bjóðendum sem innihalda persónuupplýsingar. Óviðkomandi aðilar munu ekki hafa aðgang af þeim og þau verða geymd á tryggum stað innan Ríkiskaupa. Gögn sem innihalda persónuupplýsingar verða ekki afhent þriðja aðila né flutt út fyrir EES svæðið. Á heimasíðu Ríkiskaupa má sjá persónuverndarstefnu stofnunarinnar. Hinn skráði á rétt á að fara fram á það við ábyrgðaraðila (Ríkiskaup) að fá aðgang að persónuupplýsingum, láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu gagna er hann varðar eða til að andmæla vinnslu.

Samningsaðilar bera bótaábyrgð skv. persónuverndarlögum og geta ekki samið sig undan henni.

1.5.17 Trúnaður

Kaupanda er óheimilt skv. 17. gr. OIL að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki/bjóðandi hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim. Kaupanda er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki gæti trúnaðar um mikilvægar upplýsingar sem veittar eru meðan á innkaupaferli stendur.

Bjóðandi skal auðkenna sérstaklega þá kafla tilboðs sem afhentir eru sem trúnaðarmál. Þetta hefur ekki áhrif á skyldu opinbers aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga. Trúnaðarskyldan vísar ef önnur ákvæði laganna kveða á um að skylt sé að afhenda gögn, t.d. skylda til að birta opinberlega tilkynningu um gerð samnings á Evrópska efnahagssvæðinu og upplýsa þátttakendur og bjóðendur um tiltekin atriði sem og skylda til að veita kærunefnd útboðsmála upplýsingar.

1.5.18 Leiðbeiningar um kæruleiðir

Í XI. og XII. kafla OIL er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kæruleiðir. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Við nánari ákvörðun frestsins gildir eftirfarandi:

- Þegar kærð er ákvörðun um val tilboðs eða aðrar ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. skal miða upphaf frests við birtingu þeirra tilkynninga sem þar greinir, enda hafi þær að geyma tilskildar upplýsingar.
- Þegar höfð er uppi krafa um óvirkni samnings sem gerður hefur verið án undanfarandi útboðsauglýsingar skal miða upphaf frests við eftirfarandi birtingu tilkynningar um gerð samningsins í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, enda komi þar fram rökstuðningur ákvörðunar kaupanda um að auglýsa ekki innkaup.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna sem og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.

Fyrir hverja kæru skal greiða kærugjald að fjárhæð 150.000 kr. Bjóðandi er hvattur til að kynna sér frekar réttaráhræði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Upplýsingar um kærunefnd útboðsmála eru birtar á [vefsíðu stjórnarráðsins](#).

1.6 Hæfi bjóðanda

Í þessum kafla er lýst hæfiskröfum til bjóðanda. Ef bjóðandi uppfyllir ekki allar hæfiskröfur útboðsins, telst tilboð hans ógilt skv. 82. gr. OIL og verður vísað frá. Ef fyrirtæki byggir á getu annars aðila í samræmi við 76. gr. OIL skal hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi

upplýsingar skv. 1. mgr. 73. gr., um þann aðila.

Fyrirtæki skal jafnframt sanna fyrir kaupanda að það hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu aðila um að hann muni annast verkið eða þjónustuna. Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum, eða gögnum sem Ríkiskaup hafa áskilið sér rétt til að óska eftir

1.6.1 Yfirlýsing um hæfi - ESPD

Bjóðanda er heimilt að fylla út og skila með tilboði samevrópsku hæfisyfirlýsingunni (skv. 73. gr. OIL) á heimasíðu ESPD-þjónustunnar á eftirfarandi slóð:

<https://espd.ajoursystem.com/filter?lang=is>

Komi tilboð hans til greina skal hann tafarlaust að beiðni kaupanda geta lagt fram þau sönnunargögn sem krafist er í 74. gr. OIL, sbr. útboðslýsingu í útboðskerfi.

Kjósi bjóðandi frekar að fylla ekki út samevrópska yfirlýsingu um hæfi, er honum heimilt að skila öllum umbeðnum gögnum um hæfi með tilboði sbr. kröfur í útboðskerfi.

1.6.1.1 Byggt á getu annarra

Ef fyrirtæki byggir á getu annars aðila í samræmi við 76. gr. OIL skal hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar skv. 1. mgr. 73. gr., um þann aðila.

Fyrirtæki skal jafnframt sanna fyrir kaupanda að það hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu aðila um að hann muni annast verkið eða þjónustuna. Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast þess að bjóðandi og viðkomandi aðili beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings sbr. 3. mgr. 76 .gr. OIL.

Byggi bjóðandi á getu annars fyrirtækis eða fyrirtækja skal það fyrirtæki/þau fyrirtæki skila inn sömu upplýsingum og bjóðandi. Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast þess að bjóðandi og viðkomandi aðili beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings sbr. 3. mgr. 76 .gr. OIL.

1.6.2 Útilokunarástæður bjóðanda



Bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaverli:

- 1) þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
- 2) spillingu,
- 3) sviksemi,
- 4) hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
- 5) peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka,
- 6) barnaþrælkun eða annars konar mansal.

Skylda til að útiloka þátttakanda eða bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfiráða

í því.

Þátttakandi eða bjóðandi skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögakveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Bjóðandi skal skila inn vottorði þess efnis og má það ekki vera eldra en 3 mánaða.

Auk þess áskilur kaupandi sér rétt til að útiloka fyrirtæki frá þátttöku í innkaupaferli ef aðrar ástæður til útilokunar sem tilgreindar eru í 68. gr. OIL eiga við um hann. Með heimild í 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup og með vísan til tilmæla OECD, Working group on Bribery, munu Ríkiskaup og kaupandi við mat á hæfi bjóðanda og ákvörðun um samningsgerð taka mið af því hvort fyrirtæki hefur gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og upplýsa um mútugreiðslur af hálfu starfsmanna fyrirtækisins til innlendra og erlendra aðila, t.a.m. með innri úttektum, ábendingarhnapp á heimasíðu, siðareglum og stefnu varðandi gjafir og umbun til viðskiptaaðila. Bjóðandi skal staðfesta og upplýsa hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í þessu skyni í tilboði sínu.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla hvenær sem er eftir frekari gögnum skv. 74. gr.

Með því að undirrita tilboð, staðfestir bjóðandi að framangreindar útilokunarástæður eiga ekki við um hann (fyrirtækið), einstaklinga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins og heldur ekki um einstaklinga sem hafa heimild til fyrirsvars, ákvarðanatöku eða yfirráða í því.

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...



1.6.3 Starfsréttindi



Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera skráður í fyrirtækjaskrá. Sé fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki með vottorði.	Íslensk fyrirtæki: Vottorð úr fyrirtækjaskrá Erlend fyrirtæki: Sönnunargagn um að fyrirtækið sé skráð í fyrirtækjaskrá eða sambærilegri skrá í því landi þar sem fyrirtækið er stofnað.

Bjóðandi sem nýtir starfsmannaleigu skal geta sýnt fram á að hún hafi verið tilkynnt til Vinnuálastofnunar og hafi starfsleyfi á Íslandi. Bjóðandi sem fyrirhugar að ráða ríkisborgara frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríkis eða Færeyja skal sækja um og vera búinn að fá útgefið atvinnuleyfi áður en viðkomandi hefur störf.

a. Vottorð úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegri erlendri skrá

Viðhengi

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**b. Vottorð fullnægjandi**

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**1.6.4 Opinber gjöld**

Bjóðandi skal vera í skilum með öll opinber gjöld þar með talið skatt, virðisaukaskatt og lífeyrisskuldbindingar.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera í skilum við Skattinn.	Vottorð frá Skattinum ekki eldra en þriggja mánaða á opunardegi tilboða.
Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrisskuldbindingar sínar.	Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum.

a. Skuldleysivottorð frá Skattinum

Viðhengi

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**b. Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum**

Viðhengi

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**c. Vottorð fullnægjandi**

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**1.6.5 Fjárhagsstaða bjóðanda**

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda, sbr. 71. gr. OIL.

Fjárhagsstaða bjóðanda skal að lágmarki vera:

- Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt um sem nemur 10% af efnahagsreikningi
- Ársvelta bjóðanda skal vera að lágmarki 30 milljónir árið 2020 eða síðastliðna 12 mánuði.

Ársreikningur 2021 fyrir árið 2020, sóttur á RSK.is af Ríkiskaupum, erlendir aðilar skili ársreikningi í viðhengi. Sé ársreikningur bjóðanda ekki í ársreikningaskrá kann tilboð hans að vera metið ógilt.

a. Áritaður ársreikningur

Viðhengi

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**b. Ársreikningur er fullnægjandi**

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**1.6.6 Sakavottorð**

Bjóðandi skal staðfesta að starfsmenn sem tilgreindir eru í teymi bjóðanda hafi hreint sakavottorð. Ekki er óskað eftir sakavottorði heldur aðeins staðfestingu.

Bjóðandi staðfestir að starfsmenn í teymi/teymum séu með hreint sakavottorð.

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**1.6.7 Upplýsingaöryggi bjóðenda**

Bjóðendur skulu hafa upplýsingaöryggi sem hluta af öllum þáttum þjónustu sinnar, frá hönnun til rekstrar eftir því sem við á í hverju verkefni sem unnið er.

Bjóðendur geta uppfyllt kröfur til upplýsingaöryggis með ýmsum hætti, þ.m.t. innleiðingu stjórnkerfis upplýsingaöryggis byggt á staðli eins og t.d. ISO27001 eða með öðrum hætti staðfest að unnið sé kerfisbundið og stöðugt að umbótum og viðhaldi öryggisstigs í þjónustum sem veittar eru.

Umfang og eðli þeirra öryggiskrafa sem gerðar eru kann að vera mismunandi eftir eðli og umfangi verkefna. Bjóðendur skulu ávallt:

Hafa skilgreindan ábyrgðaraðila vegna upplýsingaöryggis og persónuverndar til að Stafrænu Íslandi geti miðlað kröfum og fengið upplýsingar um útfærslur þeirra í birgjasambandinu.

- Taka fulla ábyrgð á miðlun á kröfum og framkvæmd þeirra gagnvart sínum undirverktökum og þeim aðilum sem vinna fyrir hans hönd í verkefnum.
- Lýsa þeim öryggisprófunum sem er hluti af þeirra þróunarferli, umfangi þeirra og tíðni.
- Sýna fram á að upplýsingaöryggi og persónuvernd sé hluti af verkferlum og kröfur í framkvæmd verkefna þ.m.t. í áætlunum um tíma og umfang verkefna.
- Hafa trúnaðarákvæði í samningnum sínum bæði við Stafrænt Ísland, starfsfólk og aðra birgja, þar sem fram kemur með hvaða hætti heimilt er að vinna með trúnaðarupplýsingar (bæði lögaðila og einstaklinga).

Bjóðandi skal staðfesta að til staðar sé upplýsingaöryggiskerfi eins og hér er lýst.

Bjóðandi staðfestir að til staðar sé upplýsingaöryggiskerfi eins og hér er lýst

Já/Nei. [Já er krafist](#)

Hæfisskilyrði - Þverfagle...



1.6.8 Menntun og reynsla þátttakenda



Bjóðandi staðfestir að hann uppfylli neðangreint:

- Starfsmenn bjóðenda sem taka þátt í teyllum þurfa ekki að hafa hlotið formlega háskólamenntun, en sýna fram á víðtæka þekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum og hafa unnið verkefni skv. Agile aðferðarfræði. Því til staðfestingar skal skila inn ferilskrá boðina starfsmanna í sér skjali að hámark 1 síða á hvern starfsmann.
- Byggt verður á „agile“ aðferðarfræði við kerfisgerð. Verksali skal hafa tekið þátt í slíkum verkefnum, og a.m.k. þrjú verkefni sem unnin hafi verið á sl. 24 mánuðum séu a.m.k. miðlungsstór verkefni eða yfir 500 klst (samanlagður). Því til staðfestingar fyllir bjóðandi inn upplýsingar í viðauka VII - Gæði boðina teyma (efri hlutinn í "Reynsla bjóðanda").
- Bjóðandi skal hafa komið að útfærslu miðlungsstórra og/eða stórra lausna sem eru sambærilegar við verkefni það sem hér um ræðir þar sem umfang vinnu starfsmanna bjóðanda (samanlagður) hefur verið um eða yfir 1.000 klst á sl. 24 mánuðum. Því til staðfestingar fyllir bjóðandi inn upplýsingar í viðauka VII - Gæði boðina teyma ("Stór verkefni bjóðenda").

Í viðauka VII - "Gæði boðina teyma" skal bjóðandi fylla inní grúa reiti og skila inn með tilboði sínu (sjá einnig kafla 1.7.1 & 1.11).

a. Ferilskrá boðina starfsmanna (hámark 1 bls. fyrir hvern)

Viðhengi

Hæfisskilyrði - Þverfagle...



b. Bjóðandi staðfestir að hann uppfyllir ofangreindar kröfur

Já/Nei. [Já er krafist](#)

Hæfisskilyrði - Þverfagle...



d. Uppfyllir bjóðandi ofangreind skilyrði?

Já/Nei. [Já er krafist](#)

Hæfisskilyrði - Þverfagle...



1.6.9 Fjöldi starfsmanna bjóðanda (samsteypu)



Starfsmenn sl. 12 mánuði hafi verið a.m.k. 3 og starfshlutfall hvers þeirra hafi verið a.m.k. 50% á tímabilinu. Heimilt að mynda samsteypu hugbúnaðarhúsa, hönnunaraðila og ráðgjafa, þar sem smærri aðilar geta tekið sig saman og boðið í verkefnið. Í þessum tilfellum er verk unnið undir forystu eins aðila sem ber ábyrgð gagnvart verkkaupa. Jafnframt er smærri aðilum heimilt að ráða til sín undirverktaka sem taka að sér einstaka þætti eða hlutverk í skilgreindum teyllum.

Slíkir aðilar skulu uppfylla sömu hæfis- og gæðakröfur og aðilinn sem skrifaður er fyrir tilboðinu.

Bjóðandi staðfestir að hann uppfylli ofangreinda kröfu.

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...



1.6.10 Reynsla bjóðanda



Bjóðandi skal hafa starfað á íslenskum markaði í eitt ár eða unnið fyrir aðila innan EES svæðisins með þverfagleg teymi í stórum verkefnum (1000 tímar). Bjóðandi skal hafa starfstöð á Íslandi meðan á verkefni stendur.

Bjóðandi staðfestir að hann uppfylli ofangreinda kröfu.

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...



1.6.11 Viðskiptasiðferði

Bjóðandi / seljandi ábyrgist að hann og starfsmenn hans eru ekki sekir um spillingu og mun með virkum hætti vinna gegn öllum tegundum spillingar, fjárkúgunar og peningaþvættis. Gerð er krafa um bann við að bjóða, lofa eða gefa viðskiptavinum, birgjum og/eða opinberum starfsmönnum óviðeigandi eða ólögmatan ávinning, fyrirgreiðslu eða gjöf í tengslum við samning þennan. Sama á við um að þiggja slíkan ávinning, fyrirgreiðslu eða gjöf í tengslum við samninginn.

Með því að sækja útboðsgögn og senda inn tilboð staðfestir bjóðandi / seljandi að fyrirtæki hans uppfylli framangreint. Sjá nánar skilmála um viðskiptasiðferð á vef Ríkiskaupa þar sem fjallað er um viðurlög við mútum.

1.6.12 Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum

Ríkiskaup áskilja sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum á síðari stigum til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar skv. VI. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Með framlagningu tilboðs í útboði þessu samþykkir bjóðandi að Ríkiskaup kanni hvort útilokunarástæður laga um opinber innkaup eigi við um hann ef tilboð hans kemur til álita. Sem dæmi má nefna að bjóðendum kann að vera flett upp í Creditinfo. Bjóðandi samþykkir jafnframt að slík upplýsingaöflun kann að varða fyrirtækið sem um ræðir, eigendur þess og stjórnendur og fyrirtæki sem eru forverar þess, sbr. 7. mgr. 68. gr. OIL.

1.7 Valforsendur

Heimilt er að gera tilboð þar sem einungis er boðin fram þátttaka eins eða tveggja teyma, það er ekki gerð krafa um að bjóðendur geri tilboð í báðar teymisgerðirnar.

Þannig er reiknuð út teymiseinkunn fyrir sjálfafgreiðsluteymi og teymiseinkunn fyrir innviðateymi.

Reiknuð er út heildareinkunn fyrir hvert teymi. Einkunnin byggir á neðangreindum þáttum:

1. Gæðaeinkunn (G)
2. Einkunn fyrir vinnumöppu, notkunardæmi og kynningu (N)
3. Tímagjald bjóðanda (T)

Lokaeinkunn fyrir bjóðendur er þá reiknuð sem hér segir:

$$Li = 0.15 * Gi + 0.65 * Ni + 0.20 * Ti$$

Þar sem Li er lokaeinkunn bjóðanda I, Gi er einkunn hans fyrir gæðaþátt, Ti er einkunn fyrir tímagjald hans og Ni einkunn vegna notkunardæma og kynningar (sjá nánari lýsingar hér að neðan).

Teymum (allt að 20, eða 10 teymi af hvorri gerð) sem hljóta hæstu lokaeinkunnir verður boðin þátttaka í rammasamningum vegna verkefna sem skilgreind verða og/eða boðin út í formi örútbóða á samningstíma.

Ríkiskaup áskilja sér rétt til að bíða með að gefa upp verð bjóðenda uns teymi hafa fengið einkunn fyrir notkunardæmi og kynningar. Einkunn allra bjóðenda verður gefin upp þegar niðurstaða liggur fyrir, eftir að notkunardæmi og kynningar hafa farið fram og niðurstaða þeirra liggur fyrir. Hafi bjóðendur athugasemdir við þetta fyrirkomulag eru þeir beðnir að koma með athugasemdir í fyrirspurnum á tilboðstíma.

1.7.1 Gæði (15%)

Reiknuð er út teymis-gæðaeinkunn fyrir hvert teymi hjá hverjum bjóðanda fyrir sig.

Gæðaeinkunn (G) hvers teymis er reiknuð út sem hér segir:

- Þekking bjóðanda og/eða starfsfólks á Agile aðferðafræði, allt að 33,33 stig
- Reynsla í agile verkefnum - allt að 33,33 stig
- Almenn reynsla starfsfólks - starfsaldur allt að 33,33 stig

Þekking - agile námskeið

Bjóðandi skal telja upp þau agile-námskeið/nám sem starfsmenn hafa setið.

Fram skal koma, heiti námskeiðs, tímalengd og ábyrgðaraðili (háskóli, skólastofnun, fyrirtæki undir "Þekking - Agile námskeið").

Fyrir hvert námskeið sem uppfyllir lágmarkskröfu um tímalengd (1 dagur eða 8 tímar) fær hver starfsmaður eitt stig. Að hámarki getur hver starfsmaður fengið 3 stig í þessum þætti.

Bjóðendur skulu fylla inn upplýsingar í viðauka VII - Gæði boðina teyma ("Þekking meðlima -1.7.1).

Reynsla - agile verkefni

Bjóðandi skal telja upp þau verkefni sem byggja á agile aðferðfræði og eru 500 tímar eða stærri að umfangi, sem hver starfsmaður teymis hefur tekið þátt í. Heiti verkefnis, tímalengd og umfang skal koma fram undir "Reynsla - Agile verkefni".

Teymismeðlimur þarf að hafa skilað að lágmarki 100 tímum í tiltekið verkefni til að hægt sé að tilgreina sem agile reynslu starfsmanns. Öll verkefni sem talin eru til stiga í Agile reynslu starfsmanna þurfa að koma fram í "stór verkefni bjóðenda".

Fyrir hvert slíkt verkefni fær starfsmaður þrjú stig.

Bjóðendur skulu fylla inn upplýsingar í viðauka VII - Gæði boðina teyma ("Reynsla (1.6.8 & 1.7.1)).

Starfsreynsla í tilgreindu hlutverki

Bjóðandi skal tilgreina starfsaldur hvers starfsmanns teymis í árum, að hámarki 10 ár. Þ.e. ef reynsla starfsmanns er meiri, segjum sem dæmi 14 ár, þá reiknast það sem 10 ára reynsla í samtölunni sem skilgreind er hér að neðan.

Reynslan þarf að vera í tilgreindu hlutverki, dæmi starfsmaður hefur unnið í hugbúnaðarþróun í 15 ár en sem vefhönnuður í 6 ár. Starfsmaður er boðinn fram sem vefhönnuður og skal þá skrá 6 ára reynslu en ekki 15 ár.

Bjóðendur skulu fylla inn upplýsingar í viðauka VII - Gæði boðina teyma (gæðaeinkunn - nafn & starfsreynsla í árum).

Upplýsingar um ofangreint skilast með tilboði bjóðanda og skal skilað inn með tilboði í kafla 1.11. Athugið fylla skal inní grámerkta reiti.

Einkun gæða er reiknuð eins og hér segir:

$$\text{Gæði} = \text{NSi} \times 0.33 + \text{VSi} \times 0.33 + \text{ASi} \times 0.33$$

þar sem NSi eru Námskeiðsstig bjóðanda nr i , VSi eru verkefnastig bjóðanda nr. i og ASi er almenn starfsreynsla bjóðanda (teymis) í árum.

$\text{NSi} = \text{Si} / \text{Smax} \times 100$ þar sem Si eru samanlögð agile námskeiðastig allra þátttakanda í teymi bjóðandanans og Smax eru samanlögð agile námskeiðastig þess bjóðanda sem flest stigin hlaut.

$\text{VSi} = \text{Vi} / \text{Vmax} \times 100$ þar sem Vi eru samanlögð agile verkefnastig allra þátttakenda í teymi bjóðandans og Vmax eru samanlögð agile verkefnastig þess bjóðanda sem flest stigin hlaut.

$\text{ASi} = \text{Ai} / \text{Amax} \times 100$ þar sem Ai er samanlögð starfsreynsla teymisins í árum og Amax er samanlögð starfsreynsla reyndasta teymisins.

1.7.2 Kostnaður (20%)

Bjóðendur skila á tilboðsblaði boðnu verði. Þar tilgreina þeir kostnað við vinnu boðinna starfsmanna per tíma.

Sjá bjóðandi sem býður lægstu heildartölu (T_{\min}) fær kostnaðareinkunn 100. Kostnaðareinkunn annarra bjóðenda er reiknuð sem hér segir: $T_i = T_{\min}/\text{Boðinn kostnaður bjóðanda}$

1.7.3 Vinnumappa, kynning á teymi og notkunardæmi (65%)

Skilgreint verður notkunardæmi. Þar verður óskað eftir því að bjóðandi (teymi) útfæri verkefni sem skiptir máli fyrir verkkaupa og fellur vel að þeim verkefnum sem boðin verða út. Að auki er bjóðendum gert að leggja fram kynningu á boðnu teymi. Teymi sem standast hæfi fá sendar upplýsingar um vinnuöppu, notkunardæmi og kynningar eftir fyrstu vikuna í ágúst, frekari tímasetning verður kynnt um leið og hún liggur fyrir.

Um notkunardæmi og kynningar:

- Notkunardæmið verður 48 klst verkefni, allir bjóðendur fá afhent notkunardæmið á sama tíma og skal skila öllum gögnum rafrænt til Ríkiskaupa fyrir 23:59 á lokadegi, upplýsingar um lokadag verða kynntar síðar.
- Teymi verða boðuð á 30 mínútna fund með matsnefnd, áætlað mánaðarmótin ágúst/september, þar sem valnefnd leggur mat á notkunardæmi og kynningu. Matsblöð valnefndar verða birt samhliða upplýsingum um notkunardæmi og kynningar.

Einkunn verður metin sem hér segir:

1. Vegna kynningar á teymi (15%)

Bjóðendur kynna m.a. þekkingu meðlima boðins teymi og vinnuaðferðir teymisins í stórum hugbúnaðarverkefnum.

Gátlisti er byggir á fræðilegum þáttum verður útbúinn og byggir einkunn á hlutlægu mati úr gátlista. Gátlistinn verður afhentur bjóðendum um leið og upplýsingar um notkunardæmi og kynningar verða send út.

2. Vegna útfærslu á notkunardæmi/dæmum (35%)

Notkunardæmi verður eins og áður segir tilkynnt bjóðendum sem standast hæfi, ráðgert í ágúst 2021. Þeim sem standast ekki hæfi verður tilkynnt það um leið og mat á hæfi hefur farið fram. Notkunardæmi mun reyna á viðeigandi þekkingu allra teymismeðlima. Notkunardæmi skal byggt á tæknistakk Stafræns Íslands og hægt verður að notast við hönnunarkerfi Ísland.is. Sjá nánari gögn sem munu nýtast í notkunardæminu hérna[1].

Notað verður sérstakt matseyðublað er byggir á MOS aðferðafærðinni, slíkt matseyðublað verður lagt fram samhliða því þegar notkunardæmi eru afhent bjóðendum.

Allt mat vegna ofangreindra þátta er hlutlægt (objective) og byggir á formlegri hlutlægri aðferðafræði.

Sjálfsafgreiðsluteymi:

1. Kynning frá teyminu:

- Gagnrýni og greining á núverandi hönnun tiltekins sjálfsafgreiðsluferils. Lýsing á því hvernig teymið myndi leysa tiltekið ferli hönnunarlega og tæknilega. Hvað þarf að huga að varðandi núverandi grófhönnun og hvar liggja áskoranirnar.
- Kynning á teymi, vinnuferli, hvernig bjóðandi ætlar að haga vinnunni.

2. Einfalt notkunardæmi – teymi útfærir vefviðmót fyrir sjálfsafgreiðsluferli.

Innviðateymi:

1. Kynning frá teyminu:

- Lýsing á sýn teymis um hvernig efla eigi þennan þátt hjá ríkinu og gera aðgengilegan öðrum stofnunum og almenningi. Verkliðum lýst og forgangsröðun verkefna.
- Fjallað um sambærilegt verkefni og fellur undir teymisgerðina sem hið boðna teymi hefur unnið (saman eða einstakir starfsmenn) þar sem lögð er áhersla á þá þætti sem lýst er í útboðsgögnum þessum.

2. Einfalt notkunardæmi – teymi útfærir notkunardæmi sem reynir á kunnáttu í bakendaforritun, gerð gagnagrunna og vefþjónusta ásamt stöðluðum prófunum á þeim og kerfisskjölum sem gefur góða yfirsýn.

Kaupandi verður eigandi þeirra afurða notendadæma sem koma frá bjóðendum og getur hagnýtt þau kjósi hann svo.

3. Vegna vinnumöppu (15%)

Bjóðandi skal skila inn vinnumöppu sem kynnir verkefni sem hafa verið unnin af bjóðenda. Að lágmarki þrjú boðnir starfsmenn í boðnu teymi þurfa að hafa tekið þátt í verkefnum sem eru tilgreind í vinnumöppu bjóðenda. Vinnumappan á að vera að hámarki 10 síður og verður metin af dómnefnd- samkvæmt fyrirfram ákveðnum liðum (verður sent síðar þeim þátttakendum sem metnir eru hæfir ásamt frekari upplýsingum um skil).

Vinnumappan á ekki að innihalda upplýsingar um bjóðanda og skal skila henni án þess að merkja vörumerki eða með brandi/mörkun bjóðanda. Dómnefnd fer yfir gögnin án vitneskju um hver bjóðandi er.

Matsatriði dómnefndar fer eftir MOS aðferðafræðinni eða Já/nei.

Áætlað er að vinnumöppu sé skilað 12. ágúst eftir að búið er að meta hæfi.

Fundur með matsnefnd

Teymi hittir matsnefnd og fær tætifæri á að kynna sig og vinnu sína innan fyrirframákveðins tíma.

[1] [https://github.com/island-is/https://docs.devland.is/handbook/https://www.figma.com/@islandishttps://ui.devland.is/https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1536](https://github.com/island-is/https://docs.devland.is/handbook/https://www.figma.com/@islandishttps://ui.devland.is/https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1536)

1.8 Samningsskilmálar

Í þessum kafla er lýst samningsskilmálum útboðsins.

Allir skilmálar rammasamnings þessa eiga við, eftir því sem við á, um samninga sem gerðir verða á grundvelli hans auk skilmála í viðauka eins og fram kemur í 1.8.9.

1.8.1 Samningsgögn

Útboðsgögn, þ.m.t. viðaukar, svör við fyrirspurnum og athugasemdum til bjóðenda á tilboðstíma og tilboð bjóðenda er hluti af samningi þessum. Stangist texti samningsgagna á við lög, viku samningstextinn.

1.8.2 Val á teymi/teymum í tilgreind verkefni

Þátttakendur í verkefnum sem falla undir Stafrænt Ísland verða valdir á tvo vegu:

- a. á grundvelli bestu (hæstu) einkunnar teymis
- b. á grundvelli örútboða.

1.8.2.1 Val á grundvelli bestu einkunnar

Ljóst er hvers konar teymi (eitt eða fleiri) þörf er á í tilgreint verkefni. Það teymi sem hefur hæstu heildareinkunn er valið í verkefnið svo fremi sem það er ekki upptekið í öðru verkefni. Sé svo, þá er teymið með næsthæstu einkunnina valið og svo koll af kalli.

Að verki loknu er útfært sérstakt verkuppgjör þar sem heildareinkunn teymis er endurmetin í ljósi þess hvernig til tókst. (Sjá grein 1.8.5)

1.8.2.2 Val á grundvelli örútboða

Eins og fram kemur í grein 1.4, skal verkkaupi efna til örútboða til að velja teymi í verkefnum ef tilgreind skilyrði (eitt eða fleiri) eru til staðar.

Boðin verður út teymisvinna tilgreindra teyma. Sá bjóðandi sem fær hæstu einkunn fyrir boðið teymi verður valinn. Ef tvö eða fleiri teymi eru boðin út, þá kunna tveir (eða fleiri) bjóðendur að verða valdir.

Einkunn er reiknuð út sem hér segir:

$$E_t = 0.6 * K_t + 0.4 * N_t$$

Þar sem E_t er einkunn bjóðanda fyrir boðið teymi

K_t er kostnaðareinkunn bjóðanda fyrir boðið teymi

N_t er einkunn sem teymi bjóðanda hlýtur fyrir notkunardæmi og kynningu

A) Kostnaður

Bjóðendur skila sérstöku kostnaðarumslagi. Þar tilgreina þeir kostnað við vinnu boðinna starfsmanna í tilgreindan tímafjölda (verður mismunandi eftir umfangi þeirra verkefna sem boðin eru út í fyrirhuguðum örútboðum) (án vsk).

Sjá bjóðandi sem býður lægstu heildartölu (K_{min}) fær kostnaðareinkunn 100. Kostnaðareinkunn annarra bjóðenda er reiknuð sem hér segir: $K_i = K_{min}/\text{Boðinn kostnaður bjóðanda}$

B) Notkunardæmi og kynning bjóðenda

Skilgreint verður notkunardæmi (hugsanlega fleiri en eitt). Þar verður óskað eftir því að bjóðandi útfæri einfalt verkefni sem skiptir máli fyrir útfærslu þess verkefnis sem boðið er út.

Að auki er bjóðendum gert að leggja fram kynningu (gagnrýni og greiningu á núverandi hönnun og tæknilýsingu auk annarra viðeigandi þátta).

Einkunn vegna notkunardæma og kynningar verður metin sem hér segir

1. Vegna útfærslu á notkunardæmi (vegur 50% í N_i)
Notað verður sérstakt matseyðublað er byggir á MOS aðferðaferðinni, slíkt matseyðublað verður lagt fram með örútboðinu
2. Vegna kynninga (vegur 50% í N_i)
Gátlisti með 30 atriðum er byggir á fræðilegum þáttum verður útbúinn og byggir einkunn á hlutlægu mati úr gátlista. Útfærsla þessa þáttar verður skilgreind í örútboðsgögnum og gátlistinn afhentur bjóðendum um leið og kynningu þeirra er lokið.

Allt mat vegna ofangreindra þátta er hlutlægt (objective) og byggir á formlegri hlutlægri aðferðafræði.

1.8.2.3 Frekari kröfur um öryggi

Byggt á eðli og umfangi verkefna kann að vera óskað eftir í ákveðnum örútboðum:

- Staðfesta hæfi starfsfólk til upplýsingaöryggis, t.d. með þjálfun, vottunum eða öðrum hætti.
- Upplýsingum um bakgrunnsathuganir vegna starfsfólk sem kemur að verkefninu.
- Upplýsingar um meðhöndlun á rafrænum upplýsingum og aðgengi að raunlægum búnaði.
- Sýna fram á að stuðst sé við öruggar þróunaraðferðir og að brugðist sé kerfisbundið við

þekktum veikleikum (t.d. OSWAP Top 10) og aðferðum beitt til að fyrirbyggja að óþekktir veikleika eða gallar hafi áhrif á leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga og afköst og aðgengileika þjónustunnar.

- Lýsingar á öryggisúrræðum og ef við á meðferð á niðurstöðum úr Mati á áhrifum á persónuvernd (MÁP) ef unnið er með persónugreinanlegar upplýsingar.
- Ábyrgð og verkferlum sem tengjast öryggisbrestum, þ.m.t. vegna persónuupplýsinga í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Þjóðandi fær gæðastig fyrir hvern lið sem hann getur sýnt fram á eða staðfest á kostnað jafns hlutfalls matsþátta sem nefndir eru hér að ofan.

1.8.3 Eignarhald

Verkkaupi er eigandi alls hugbúnaðar og allra lýsinga og skjölunar, sem verða til í verkefnum er falla undir rammisamning þennan. Verkkaupi eignast slíkar afurðir um leið og þær verða til í verkinu, einnig þær afurðir sem koma til í útboðsferlinu og þátttöku í því. Verkkaupa er heimilt að vinna frekar með slíkar afurðir og/eða fá til þess þriðja aðila.

1.8.4 Uppbygging teyma

Verkkaupi mun skilgreina sérstakan verkþóp, sem leiðir hvert verkefni og tvö framkvæmdateymi (sjá viðauka III) þar sem starfsmenn verkkaupa og verksala vinna saman að lausn verkefnisins. Verkkaupa er jafnframt heimilt að fá starfsmenn frá þriðja aðila til að taka þátt í verkefninu.

1.8.5 Endurmat á heildareinkunn teymis

Skilamat

Matsatriði (hver liður gefur allt að 20 stig)

1. Voru sprettir skilgreindir í verkumfangi og tímaramma?
2. Var verki fylgt eftir og stóðst það tíma?
3. Var verkið skjalað með fullnægjandi hætti þannig að nýir starfsmenn, samstarfsaðilar og verkkaupi geti með auðveldum hætti sett sig inn í verkið — bæði kóði, hýsingarumhverfi, viðmótseiningar og verkáætlunin sjálf (e. roadmap).
4. Voru samskipti skýr með tilliti til væntingarstjórnunar?
5. Voru vinnustofur haldnar og var endurgjöf frá þeim fylgt eftir með skýrum og skriflegum hætti?
6. Var brugðist við athugasemdum verkkaupa og honum gefið tækifæri til að fylgjast með framgangi verksins, svo sem með þrúflóðum og sjónrænni framsetningu á áformum fyrir virkni og eiginleika kerfisins?

1.8.6 Aðkoma fleiri aðila

Verkkaupa er heimilt að semja við fleiri (aðra) hugbúnaðaraðila um aðkomu að verkefni þessu og/eða skildum verkefnum. Slíkir aðilar geta verið þeir sem hlutu næsthæstu og/eða þriðju hæstu einkunn í útboðinu eða valdir í kjölfar örútbóðs. Jafnframt er verkkaupa heimilt að bjóða

út verk og/eða aðra verkþætti sem kunna að tengjast verkefni eða kaupa þau inn með öðrum lögmætum leiðum skv. OIL.

1.8.7 Frestun á þátttöku

Verksali sem valinn hefur verið til þátttöku í skilgreindu verkefni á grundvelli bestu einkunnar teymis/teyma, getur óskað eftir því að vera undanþeginn í verkefninu sökum þess að aðstæður hans hafi breyst tímabundið. Hverjum verksala sem er þátttakandi í rammamningi þessum er heimil ein slík frestun á samningstíma. Slík frestun breytir ekki heildareinkunn teymis/teyma verksala.

1.8.8 Breyting á mönnun teyma

Verksala er heimilt að breyta mönnun teyma komi til ófyrirséðra þátta sem krefjast slíkrar breytingar, t.d. að starfmaður í teymi sé hættur störfum hjá verksala. Verksali skal þá útvega nýjan starfsmann sem uppfyllir sömu kröfur og sömu gæði og fráfarandi starfsmaður.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að krefjast þess að einstaklingi í teymi sé skipt út á grundvelli málefnalegra ástæðna. Verksali skal þá skv. framansögðu útvega nýjan starfsmann.

1.8.9 Samningar vegna einstakra verkefna

Þegar teymi er valið til þátttöku í verkefni, hvort heldur sem er á grundvelli bestu heildareinkunnar eða í kjölfar örútbóðs skv. kafla 1.4, verður gerður samningur milli aðila. Þá skulu samningskilmálar gilda auk almennra samningsskilmála rammamningsins eftir því sem við á.

Sjá meðfylgjandi drög að samningsskilmálum - viðauki VI.

1.8.9.1 Upphaf verkefnis

- Verkkaupi og kaupandi gera með sér samkomulag og tilgreina hvaða dagsetningu teymi eða hluti teymis hefur verk
- Verkkaupi gefur teymi allt að 30 daga fyrirvara til að hefja verk. Geti verksali ekki orðið við því hefur verkkaupi heimild til að semja við næst stigahæsta teymið
- Verkkaupi áætla stærð verkefnis, fjölda tíma (lágmark-hámark hvern mánuð á samningstímanum) og hvenær verkefni skal ljúka í samráði við verksala
- Verkkaupi skilgreinir fyrir hvern mánuð þann tímafjölda sem áætlaður er í verkið og tilkynnir með 30 daga fyrirvara ef breytingar verða á tímafjölda næsta mánuðinn. Þannig liggja ætíð fyrir mat á umfangi vinnu næsta mánaðar.

1.8.9.2 Samningsandlag

Samningur aðila verður um tiltekið magn af tímum (útseldri vinnu verksala) sem verksali skal inna af hendi fyrir verkkaupa. Verkkaupi hefur heimild til að óska eftir því að vinna verksala fari fram í húsnæði verkkaupa. Fær verksali þá úthlutaða aðstöðu í húsnæði verkkaupa, rými fyrir

starfsfólk boðins teymis og tengingar við internet og umhverfi verkkaupa. Verksali skal sjálfur útvega nauðsynlegan tölvubúnað og tól/hjálpartæki fyrir starfsfólk teymisins.

1.8.9.3 Verkáætlun

Verkkaupi mun leggja fram verkáætlun, skilgreinda mánuð fyrir mánuð, í upphafi verks í samráði við verksala. Það verður umfang vinnu verksala (þ.e. þess eða þeirra teyma sem taka þátt í verkinu.) Verksali skal afhenda það tímamagn sem segir í verkáætlun en er óheimilt að fara umfram áætlað tímamagn án heimildar verkkaupa.

1.8.9.4 Aukaverk

Verkkaupa er heimilt að óska eftir samningi um aukaverk eða að verksali vinni fleiri tíma en tilgreindir eru í upphaflegum samningi aðila. Sömu kröfur skulu gilda um slík aukaverk og gæði þeirra og tilgreindar eru í útboðsgögnum.

1.8.9.5 Stöðuskýrsla

Verksali skal taka saman stöðuskýrslu í lok hvers mánaðar og senda verkkaupa. Þar sé gerð grein fyrir vinnu síðastliðins mánaðar, frávík frá áætlunum tilgreind og skýrð.

1.8.9.6 Samráðsfundir

Sérstakir samráðsfundir, að jafnaði hálfárslega skulu haldnir þar sem verksali og verkkaupi fara ítarlega yfir vinnu síðustu mánaða og greina hvort gera þurfi breytingar á fyrirkomulagi eða verklagi.

1.8.9.7 Uppgjör verkefna til einkunnar

Við verklok, skal verkkaupi fylla út sérstakt uppgjörseyðublað vegna verkefnisins. Þar er verkefnið metið og þátttaka verksala greind. Í kjölfar mats, verður heildareinkunn teymisins uppfærð í samræmi við lýsingar í grein 1.4.

1.8.10 Samstarf og samvinna þátttakenda

Skilgreindar hafa verið sérstakar samskiptareglur (sjá viðauka III) er lýsa samskiptum þátttakenda í verkefninu. Allir samningsaðilar skulu vinna eftir samskiptareglum þessum.

1.8.11 Kröfur til starfsmanna

Starfsmenn sem að verkinu koma skulu hafa unnið að sambærilegum verkefnum m.t.t. umfangs, aðferðafræði, flækjustigs s.s. tenginga við önnur kerfi og/eða gagnasöfn, og notað þau hugbúnaðartól sem tilgreind eru í grein 1.8.12, 1.8.13 og/eða 1.8.14 eða sambærileg hugbúnaðartól.



Bjóðandi staðfestir að hann uppfylli ofangreinda kröfu.

Já/Nei. Já er krafist

Hæfisskilyrði - Þverfagle...

**1.8.12 Kröfur til starfsmanna í sjálfsafgreiðsluteymi**

Óskað er eftir 6 -10 manna teymi með viðeigandi færni sem uppfyllir kröfur til þeirra hlutverka sem skilgreind eru hér að neðan.

Bjóðandi skal sýna fram á hæfi starfsmanna er mynda teymið með því að leggja fram ferilskrá þar sem neðangreindar upplýsingar koma fram.

- Heiti starfsmanns
- Menntun starfsmanna
- Starfsreynsla í faginu annars vegar og í boðnum flokki hins vegar (þ.e. í grein 1.8.13 – 1.8.15)
- Þekking starfsmanns á tilgreindum tólum í hverjum flokki, fram skal koma hvort starfsmaður hafi notað umrædd (eða sambærileg tól) og dæmi gefin um verkefni þar sem þeim var beitt.
- Reynsla starfsmanns og færni í einstökum kröfupáttum síns flokks. Slík reynsla skal tilgreind í árum.

Athuga skal þó að verkkaupa er heimilt að gera breytingar á samsetningu og uppbyggingu teymis þegar verkefni er hafið í samræmi við stöðu á tæknilegum lýsingum sem þá munu liggja fyrir – Slíkar breytingar yrðu skilgreindar í fyrirhuguðum örútböðum eða í verksamningi ef þátttakandi er valinn á grundvelli bestu einkunnar.

A) 1x Framendaforritari

- 5+ ára reynsla í framendaforritun.
- Þekking og reynsla í TypeScript og GraphQL.
- Góð þekking á React.
- Mikil reynsla af innsláttarflæðum (a.m.k. tveggja ára starfsreynsla).
- Þekking á design system og Storybook.
- Aðgengi, þýðingar, UX, animations, performance.
- Reynsla í sjálfvirkum viðmótsprófunum.
- Reynsla í teymisvinnu.

B) 1x Alhiða forritari („Full Stack“)[1]

- 5+ ára reynsla í forritun.
- Reynsla af TypeScript og Node.JS.
- Þekking og reynsla í GraphQL.
- Þekking á hönnun og afköstum gangagrunna.
- Reynsla af semfelldri afhendingu (Continuous Delivery).
- Reynsla af PaaS hýsingu (Heroku, App Engine).
- Reynsla í sjálfvirkum viðmótsprófunum.

- Reynsla í teymisvinnu.

C) 2x bakendaforritarar

- 5+ ára reynsla í bakendaforritun.
- Góð þekking og reynsla af þróun í .NET og C#.
- Reynsla af Kubernetes og Docker.
- Þekking á mismunandi tegundum vefþjónusta (REST, GraphQL, SOAP).
- Reynsla á tæknilegri skjölun.
- Þekking á lausnum fyrir biðraðakerfi (Kafka, RabbitMQ, skýjalausnir).
- Cryptographic signing and time stamping.
- Þekking á hönnun og afköstum gagnagrunna.
- Mikil reynsla af TDD og sjálfvirkum prófunum.
- Hafi getu til að afla sér þekkingar á X-Road.
- Reynsla af teymisvinnu og góð samskiptahæfni.
- Reynsla í notkun skýjaumhverfis (AWS, Azure, Google Cloud).
- Áhugi og metnaður fyrir þróun notendavæna lausna.

D) Hönnuður

- 5+ reynsla í vefhönnun/viðmótshönnun.
- Geti lagt fram verkefni sem viðkomandi hefur unnið varðandi vefhönnun/viðmótshönnun.
- Víðtæk þekking á notendupplifun og notendaviðmóti (UX/UI).
- Mjög góð þekking á Figma eða sambærilegu tóli.
- Þekking á skalanlegri hönnun og takmörkunum mismunandi tækja.
- Þekking á Design system og Storybook.
- Reynsla í hönnun á framsetningu tölulegra gagna er kostur.
- Þekking á Design thinking, notendasögum og notendaprófunum.
- Reynsla í teymisvinnu.

E) Skila- og gæðastjóri

- Reynsla og þekking af Agile og Scrum í hugbúnaðargerð.
- Reynsla af teymisvinnu og góð færni í að ná því besta úr fjölbreyttum hóp einstaklinga.
- Skila- og gæðastjóri geti unnið þvert á teymin þrjú. Haldi skipulagi á vinnu og gengur úr skugga um að greiða úr vandamálum sem upp geta komið. Hann skal hafa reynslu af teymisvinnu þar sem fleiri en eitt teymi koma að verkefnum.
- Hafa stýrt sambærilegum verkefnum þar sem reynir á samskiptahæfni tæknifólks og annarra hagsmunaaðila á sambærilegan máta og hér.
- Aðkoma að verkefnum er samþætta vinnulag, ferla og skilvirkni.
- Þekking á notendaupplifun og notendaviðmóti (UX/UI).
- Skila- og gæðastjóri verði tengiliður vörustjóra og þjónustueiganda í gegnum verkefnið.
- Skila- og gæðastjóri getur einnig gegnt öðru hlutverki í teymi.

F) Nánar um samsetningu teymis og teymisvinnu:

Teymið vinnur í nánu samstarfi við vörustjóra verkkaupa, þjónustueiganda^[2] og fulltrúa þeirra aðila sem koma að verkefnum sem boðin eru út í örútbodum og annarra hagsmunaaðila er tengjast verkinu/verkunum.

Teymin vinna náið með öðrum teymum island.is og geta skalast í stærð eftir umfangi. Skilyrði að þjóðandi geti bætt við eða fækkað starfskröftum eftir þörfum og samkomulagi. Kaupandi geti ákveðið að velja hluta af teymi til að byrja með. Lögð er áhersla á að teymið getið skalað upp í 8 manns.

Vinnan fer fram í húsnaði kaupanda verkefnisins að stærstum hluta en aðilar munu útfæra slíkt nákvæmlega við samningsgerð vegna einstakra verkefna.

^[1] Hér er átt við forritara sem forritar fyrir bakenda en hefur jafnframt reynslu og þekkingu af framendaforritun (e. Full stack forritari).

^[2] Hér er vísað í skilgreiningar sem Stafrænt Ísland hefur verið að vinna með og byggja á lýsingum frá GOV:UK:

<https://stafraent.island.is/samvinna/thverfagleg-stafraen-teymi/>

1.8.12.1 Aukateymismeðlimir - sjálfsafgreiðsluteymi

Ekki er skylt að þjóða teymismeðlimi umfram lágmark, sem í tilfalli sjálfsafgreiðsluteymis eru 6, sjá hlutverk hér að ofan. Athugið þó að í þeim tilvikum sem boðnir eru meðlimir í teymi umfram lágmark koma þeir ekki til skoðunar þegar tilboð eru metin til einkunnar. Á sama tíma getur skilastjóri einnig gengt öðru hlutverki, er þá sá aðili aðeins metinn einu sinni, þ.e. fimm teymismeðlimir metnir til einkunnar.

Getur þjóðandi stækkað teymi umfram lágmarks mönnun?

Textareitur

Sjálfsafgreiðsluteymi 

1.8.13 Kröfur til starfsmanna í Innviðateymi

Óskað er eftir 3-5 manna teymi með viðeigandi færni sem kröfur fara um hér á eftir.

Þjóðandi skal sýna fram á hæfi starfsmanna er mynda teymið með því að leggja fram neðangreindar upplýsingar um boðna starfsmenn. Þar skulu a.m.k. neðangreindir þættir koma fram:

- Heiti starfsmanns.
- Menntun starfsmanna.
- Starfsreynsla í faginu annars vegar og í boðnum flokki hins vegar (þ.e. í grein 1.8.13 – 1.8.15).
- Þekking starfsmanns á tilgreindum tólum í hverjum flokki, fram skal koma hvort starfsmaður hafi notað umrædd (eða sambærileg tól) og dæmi gefin um verkefni þar sem þeim var beitt.
- Reynsla starfsmanns og færni í einstökum kröfupáttum síns flokks. Slík reynsla skal tilgreind

í árum.

Samsetning teymis verður sem hér segir. Athuga skal þó að verkkaupa er heimilt að gera breytingar á samsetningu og uppbyggingu teymis þegar verkefni er hafið í samræmi við stöðu á tæknilegum lýsingum sem þá munu liggja fyrir –Slíkar breytingar yrðu skilgreindar í fyrirhuguðum örútboðum eða í verksamningi ef þátttakandi er valinn á grundvelli bestu einkunnar.

1. A) 2x bakendaforritarar

- 5+ ára reynsla í bakendaforritun
- Góð þekking og reynsla af þróun í Node.js/typescript og .NET/C#
- Reynsla af Kubernetes og Docker
- Þekking á REST og GraphQL
- Reynsla á kerfis skjölun
- Þekking á hönnun og afköstum gagnagrunna
- Þekking á Data lake og warehouse tækni
- Mikil reynsla af Test Driven Development (TDD)Hafi getu til að afla sér þekkingar á X-Road
- Reynsla af teymisvinnu og góð samskiptahæfni
- Reynsla í notkun skýjaumhverfis (AWS, Azure, Google Cloud)
- Áhugi og metnaður fyrir þróun notendavænna lausna
- Þekking á OAuth 2.0 og OpenID Connect

1. B) Skila- og gæðastjóri

- Reynsla og þekking af Agile og Scrum í hugbúnaðargerð
- Hafi getu til að afla sér þekkingar á X-ROAD
- Reynsla af teymisvinnu og góð færni í að ná því besta úr fjölbreyttum hóp einstaklinga
- Skila- og gæðastjóri geti unnið þvert á teymi. Haldi skipulagi á vinnu og gengur úr skugga um að greiða úr vandamálum sem upp geta komið. Hann skal hafa reynslu af teymisvinnu þar sem fleiri en eitt teymi koma að verkefnum.
- Hafa stýrt sambærilegum verkefnum þar sem reynir á samskiptahæfni tæknifólks og annarra hagsmunaaðila á sambærilegan máta og hér.
- Aðkoma að verkefnum er samþætting vinnulags, ferla og skilvirkni
- Skila- og gæðastjóri verði tengiliður vörustjóra og þjónustueiganda í gegnum verkefnið

1. C) Nánar um samsetningu teymis og teymisvinnu:

Teymið vinnur í nánú samstarfi við vörustjóra verkkaupa, þjónustueiganda og fulltrúa þeirra aðila sem koma að verkefnum sem boðin eru út í örútboðum og annarra hagsmunaaðila er tengjast verkinu/verkunum.

Teymin vinna náið með öðrum teymum island.is og geta vaxið í stærð eftir umfangi. Skilyrði að þjóðandi geti bætt við eða fækkað starfskröftum eftir þörfum og samkomulagi.

Kaupandi geti ákveðið að velja hluta af teymi til að byrja með.

Vinnan fer fram í húsnæði kaupanda verkefnisins að stærstum hluta eða hjá stofnun sem á í hlut en aðilar munu útfæra slíkt nákvæmlega í kjölfar fyrirhugaðra örútboða.

1.8.13.1 Aukateymismeðlimir - innviðateymi

Ekki er skylt að bjóða teymismeðlimi umfram lágmark, sem í tilfalli innviðateymis eru 3, sjá hlutverk hér að ofan. Athugið þó að í þeim tilvikum sem boðnir eru meðlimir í teymi umfram lágmark koma þeir ekki til skoðunar þegar tilboð eru metin til einkunnar.

Þá er aðeins hægt að bjóða bakendaforritara sem viðbótar/auka teymismeðlimi fyrir innviðateymi.

1.8.14 Samningstími

Samið verður við allt að 20 teymi, 10 af hverri gerð við þá aðila sem eiga hagkvæmustu tilboðin í samræmi við vallíkan útboðs/rammasamnings.

Gert er ráð fyrir að samningur taki gildi á haustmánuðum 2021, eða eins fljótt og kostur er, og er samningstími 24 mánuðir. Aðilar geta framlengt samning um allt að 2 x 12 mánuði að því gefnu að báðir aðilar samþykki það.

Samningur skal uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara breytist forsendur verkkaupa verulega. Veruleg forsendubreyting telst t.d. sameining eða uppskipting stofnana er tengjast verkkaupa, eða verulegar breytingar á verkefnum verkkaupa sem hafa áhrif á rekstur upplýsingakerfa og/eða kröfur til reksturs kerfanna.

Verkkaupa skal jafnframt heimilt að segja upp samningi með 3 mánaða fyrirvara en þó eigi fyrr en eftir að samningur hefur verið í gildi í 9 mánuði.

Loks er verkkaupa heimilt að segja upp samningi verði lögum er snerta verkefnið Stafrænt Ísland, breytt eða lögum er varða verkefni skv. samningi þessum.

Þátttakendum í rammasamningi er EKKI tryggð þátttaka í einstökum verkefnum, slík þátttaka er grundvölluð á vali á teyimum með hæstu heildareinkunn og/eða örútboðum.

1.8.15 Samskipti á samningstíma

Aðilar skipa hvorn sinn fulltrúa til að annast almenn samskipti á samningstímanum. Að auki verða samskipti aðila í gegnum fyrirhugaða stýri- og verkefnishópa, sjá samskiptareglur í viðauka III.

1.8.16 Verð og verðbreytingar

Gert er ráð fyrir að taxti verksala í hverju verkefni sé fastur. Miðað er við boðinn taxa verksala. Taxtinn uppfærast í desember ár hvert í samræmi við hækkingu vísitölu launa. Upphafsvísitala skal vera vísitala launa í apríl 2021.

1.8.17 Greiðslur

Sé ekki um annað samið skal verkkaupi greiða verksala mánaðarlega skv. tímaskýrslu. Reikningar skulu ávallt sundurliðaðir fyrir vinnu hvers einstaklings í teymi og greitt verður skv. þeirri sundurliðun.

1.8.18 Starfsleyfi

Verksali skal tryggja að allir starfsmenn sem að verkefnum koma hafi viðeigandi starfsleyfi.

1.8.19 Starfskjör

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn hans, undirverktakar/starfsmannaleiga sem koma að framkvæmd samnings fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Ofangreint skal eiga við óháð lengd starfstíma starfsmanns. Seljandi skal uppfylla skyldur sínar sem notendafyrirtæki skv. lögum um starfsmannaleigur ef þjónusta slíkra fyrirtækja er notuð og ábyrgist gagnvar kaupanda, að starfsmenn á vegum starfsmannaleiga njóti réttinda skv. íslenskum lögum og kjarasamningum.

Fari vinna fram utan Íslands, þá skulu laun vera í samræmi við kjarasamninga og lögbundin kjör í því landi eða í samræmi við kröfur Alþjóða Vinnumálastofnunar (ILO).

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt viðkomandi stéttarfélagi og/eða Vinnueftirliti ríkisins fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Seljandi skal framvísa gögnum sem sýna viðkomandi stéttarfélagi og/eða Vinnueftirliti ríkisins fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem gagna er óskað.

Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða seljandi getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati kaupanda, er kaupanda heimilt að innheimta dagsektir úr hendi seljanda að fjárhæð allt að kr. 10.000 á VSK á dag, fyrir hvern starfsmann þar sem réttindi eru brotin á, eða fyrir hvern dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiddast þar til bætt hefur verið úr. Nái heildarfjárhæð dagsekta 10% af samningsfjárhæð er kaupanda heimilt að rifta samningi.

Kaupandi áskilur sér jafnframt rétt að halda eftir samningsgreiðslum til að greiða vangoldnar launagreiðslur eða samningsgreiðslur beint til starfsmannaundirverktaka/starfsmannaleiga á kostnað seljanda, verði vanefndir gagnvart þeim. Kaupanda er heimilt á samningstíma að fara á starfsstöð seljanda/undirverktaka í samráði við viðeigandi stéttarfélag og vinnueftirlit ríkisins og fá upplýsingar um starfsmenn og launagreiðslur til þeirra. Seljandi skal gera undirverktaka grein fyrir þessari samningsskyldu.

Kaupanda er heimilt vegna dagsekta eða vangoldinna launa að halda eftir greiðslum eða ganga á verktryggingu sé um hana að ræða og áskilur sér rétt til að ráðstafa greiðslum til þolanda/starfsmanns í samráði við viðkomandi stéttarfélag eftir því sem við á.

Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi ábyrgða/verktrygginga geri skilmálar samnings kröfu um slíka tryggingu.

Sé seljandi staðsettur erlendis, skal framangreint eiga við að svo miklu leyti sem heimilt er samkvæmt lögum heimalands. Réttindi starfsfólks skulu að lágmarki uppfylla kröfur Aþjóða Vinnumálastofnunarinnar (ILO).

1.8.20 Umhverfisvernd og félagsleg réttindi

Vara, þjónusta og verkframkvæmd sem seljandi lætur í té skal uppfylla kröfur íslenskra laga og tilskipana Evrópusambandsins á sviði umhverfisverndar og félagslegra réttinda.

1.8.21 Endurskoðunarákvæði

Kaupandi áskilur sér rétt til að gera breytingar á samningi á samningstímanum að því marki sem heimilt er samkvæmt 90. gr. OIL. Breytingar geta bæði verið skv. samkomulagi við seljanda eða aðra aðila ef um vanefndir seljanda er að ræða og nauðsynlegt er að semja við annan aðila um að uppfylla samningsskyldur. Sjá einnig kafla um starfskjör, verð og verðbreytingar og framsal á réttindum og skyldum. Kaupandi áskilur sér rétt til að heimila breytta aðild að samningum án nýs útboðs ef seljandi verður gjaldþrota.

Ef lagabreytingar eða tækninýjungar kalla á breytingar á umsamninni þjónustu, er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samningi á samningstíma innan marka 90. gr. OIL. Sama máli gegnir ef ófyrirséðir tæknilegir örðugleikar hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald.

1.8.22 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka ef um þá er að ræða og auk þess tjóni er kaupandi eða þriji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Seljandi skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal seljandi að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

Ábyrgðatryggingu vegna tjóns sem verkkaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við starfsemi seljanda og vinnu starfsmanna hans.

Seljandi skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Ennfremur er seljanda bent á að kaupa sér rekstrarstöðvunartryggingu og tryggingu á lausafé, sem tryggir hann fyrir tjóni af völdum innbrota o.fl. Ef seljandi kys að kaupa ekki slíkar tryggingar, skal hann tryggja rekstraröryggi með sama hætti og tryggingarnar gera ráð fyrir. Seljandi skal gera grein fyrir hvernig hann hyggst standa að þessum málum.

Seljandi skal sjá til þess að undirverktakar hans kaupi tryggingar með sama hætti ef þeir sinna tilgreindum verkþáttum.

Seljandi skal afhenda kaupanda afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

1.8.23 Trúnaður

Verksali skal afhenda trúnaðaryfirlýsingar frá starfsmönnum sínum (sjá viðauka V) og tryggja að starfsmenn sem að verkinu koma séu með hreint sakavottorð. Slík yfirlýsing skal berast á sex mánaða fresti.

1.8.24 Framsal á réttindum og skyldum

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis kaupanda.

Seljanda er óheimilt, án skriflegs samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef seljandi fær slíka heimild, breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

Kaupandi áskilur sér rétt, í samræmi við 90. gr. OIL, að heimila öðru fyrirtæki að ganga inn í stöðu upphaflegs samningsaðila við framkvæmd samnings þessa í heild eða að hluta og skal þá nýr samningsaðili uppfylla allar hæfiskröfur útboðsins.

Kaupandi áskilur sér rétt skv. 90. gr. OIL, þar sem við á, að taka sjálfur við skyldum aðalverktaka gagnvart undirverktaka, geti aðalverktaki ekki staðið við skuldbindingar sínar.

1.8.25 Óviðráðanleg atvik - Force Majeure

Hvorki seljandi né kaupandi verða krafðir um bætur ef óviðráðanleg atvik (force majeure) sem hvorugum aðila verður um kennt svo sem styrjöld, eldsvoði, náttúruhamfarir, verkföll, verkbönn eða annað þess háttar koma í veg fyrir efndir samnings þessa.

1.8.26 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af viðskiptum þeim sem útboð þetta nær til, skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

1.8.27 Samskipti - tungumál

Öll samskipti milli aðila, þátttakenda í verkefnum, teyma, verkhópa og stýrihóps skulu fara fram á íslensku eða ensku.

1.8.28 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs/samnings.

Verkkaupi geti sagt upp samningi ef um verulegar vanefndir er að ræða. Verksali gerir breytingar á teymi þ.a. það uppfylli ekki upphaflegar gæðakröfur eða stendur að öðru leyti ekki við samningsskyldur sínar.

Leiti seljandi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er kaupanda heimilt án fyrirvara að segja samningi upp.

Kaupandi mun án bóta rifta samningi í heild eða að hluta á gildistíma:

- a. Ef verðuleg breyting á samningi kallar á nýtt innkaupaferli, sbr. 90. gr. OIL. Þetta á t.d. við ef breytingar eru kærðar og niðurstaða kæruneftndar er að þær voru ekki heimilar án nýs útboðs.
- b. ef fyrirtæki, sem upphaflega var valið, hefði átt að vera útilokað frá innkaupaferli, sbr. 1. og 2. mgr. 68. gr. OIL.
- c. Ef á samningstíma kemur í ljós að eitthvað af útilokunarástæðum 68. gr. OIL eiga nú við um fyrirtæki.
- d. Ef ekki hefði átt af gera samning við fyrirtæki í ljósi alvarlegs brots á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Þ

1.8.28.1 Uppsögn samnings af hálfu verksala

Verksali getur sagt sig frá rammasamningi hafi aðstæður hans breyst og hann telji sig ekki geta uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru í samningi. Við slíka uppsögn, skal hann ljúka verkefnum sem kunna að vera í gangi í samræmi við samninga um einstök verk.

1.9 Frávikstilboð

Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

1.10 Skilgreiningar og orðskýringar

BJÓÐANDI - Fyrirtæki (verktaki, seljandi eða veitandi þjónustu) sem lagt hefur fram tilboð.

EES - Evrópska efnahagssvæðið – þar með talið Ísland.

OIL - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

SKAL - Í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða krafa er ófrávíkjanleg, þ.e. bjóðandi verður í tilboði sínu að uppfylla slíkt atriði eða kröfu til að tilboðið teljist gilt.

UMBOÐ - Skriflegt skjal þar sem bjóðandi skipar annan einstakling sem umboðsmann hans eða til að koma fram fyrir hans hönd og veitir umboðsmanni vald til að framkvæma ákveðnar aðgerðir fyrir hans hönd svo sem að gera bindandi samning.

VERKKAUPI/KAUPANDI – Stofnun, sveitarfélag eða annar opinber aðili skv. 3. gr. OIL sem kaupir í kjölfar útboðsins.

VERKSALI/SELJANDI - Bjóðandi sem samið er við að undangengnu útboði.

VÖRUFLOKKUR - Ein eða fleiri vörutegundir sem skilgreindar í sérstakan hóp annað hvort samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu númerakerfi.

VÖRUNÚMER - Ein tiltekin vara sem tilgreind er með einkvæmu númeri annað hvort samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu vörunúmerakerfi.

VÖRUTEGUND - Eitt eða fleiri vörunúmer sem skilgreind eru í sérstakan hóp annað hvort samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu númerakerfi.

PARF - í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða kröfu er bjóðanda heimilt að uppfylla í mismiklum mæli með tilboði sínu. Hægt að taka slíkt atriði eða kröfu inn í matslíkan útboðslýsingar og meta tilsvareandi tilboðspátt bjóðanda til stiga eða einkunnar.

SKAL - í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði sé óundanþæg krafa.

ÞÁTTTAKANDI – Fyrirtæki sem leitar eftir því eða hefur verið boðið að taka þátt í lokuðu útboði, samkeppnisútboði, samningskaupum, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi.

ÞJÓNUSTUFLOKKUR - Afmarkaðir þættir þjónustu sem eru teknir saman í hóp og boðnir út undir einu heiti.

ÞJÓNUSTUÞÁTTUR - Tiltekin þjónusta.

Sjá einnig orðskýringar í 2. gr. laga um opinber innkaup (OIL). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

1.11 Viðaukar

Sjá viðauka í sérstöku skjali. Viðaukar eru hluti útboðsgagna.

Viðauki I – Tæknistefna (að auki má finna uppfærðar upplýsingar um tæknistefnu [hér](https://docs.devland.is/technical-overview/technical-direction) (<https://docs.devland.is/technical-overview/technical-direction>))

Viðauki II – Skilamat verkefna

Viðauki III – Samskiptareglur vegna vinnu við einstök verkefni

Viðauki IV – Lýsing fyrirhugaðra verkefna – sýnishorn

Viðauki V – Trúnaðaryfirlýsing - sýnishorn

Viðauki VI - Samningsdrög

Viðauki VII - Gæði boðina teyma

1.12 Tilboðsblöð


Undirritaður hefur kynnt sér útboðslýsingu Ríkiskaupa og gerir eftirfarandi tilboð í samræmi við það.

1.12.1 Sjálfsafgreiðsluteymi



a. Þjóðandi staðfestir að hann uppfylli kröfur sem getið er í kafla 1.8.12


Já/Nei. Já er krafist

Sjálfsafgreiðsluteymi **b. Útfyllt excel skjal sem kemur til mats skv. grein 1.7.1 - Viðauki VII - gæði boðina teyma**


Viðhengi

Sjálfsafgreiðsluteymi **c. Niðurstaða gæða**



Línulegur kvarði. 0 - 15 Einkun

Sjálfsafgreiðsluteymi   15 punktur**d. Boðið verð á tíma**

Reitur fyrir verð

Sjálfsafgreiðsluteymi **e. Notkunardæmi - einkun**

Línulegur kvarði. 0 - 35 Einkun

Sjálfsafgreiðsluteymi   35 punktur**f. Kynning - einkun**


Línulegur kvarði. 0 - 15 Einkun

Sjálfsafgreiðsluteymi   15 punktur**g. Vinnumappa - einkunn**


Línulegur kvarði. 0 - 15 Vinnumappa

Sjálfsafgreiðsluteymi   15 punktur**1.12.2 Innviðateymi****a. Þjóðandi staðfestir að hann uppfylli kröfur sem getið er í kafla 1.8.13**

Já/Nei. Já er krafist

Innviðateymi **b. Útfyllt excel skjal sem kemur til mats skv. grein 1.7.1 - Viðauki VII - gæði boðina teyma**

Viðhengi

Innviðateymi 

c. Niðurstaða gæða

Línulegur kvarði. 0 - 15 Einkun

Innviðateymi



15 punktur

d. Boðið verð á tíma

Reitur fyrir verð

Innviðateymi

**e. Notkunardæmi - einkun**

Línulegur kvarði. 0 - 35 Einkun

Innviðateymi



35 punktur

f. Kynning - einkun

Línulegur kvarði. 0 - 15 Einkun

Innviðateymi



15 punktur

g. Vinnumappa - einkunn

Línulegur kvarði. 0 - 15 Vinnumappa

Innviðateymi



15 punktur